

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um tryggingu fyrir efndum húsaleigu.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Telur ráðherra breytinga þörf á lagaramma um tryggingafé eða annars konar tryggingu sem leigusalar geta krafist af leigjendum íbúðarhúsnæðis á almennum markaði?
2. Telur ráðherra fyrirhugaðar breytingar á húsaleigulögum að þessu leyti fullnægjandi til að frjáls leigumarkaður geti þróast á þann veg að fólk eigi raunhæft val um að vera á leigumarkaði?
3. Telur ráðherra að lágtekju- og millitekjufólk eigi raunhæfan kost á að inna af hendi margra mánaða fyrirframgreiðslu á húsaleigu miðað við meðalverð á húsaleigu á höfuðborgarsvæðinu?
4. Hvaða aðrar leiðir leggur ráðherra til að farnar verði til að koma til móts við eða aðstoða fólk sem ekki á rétt í félagslega húsnæðiskerfinu og á hvorki fé fyrir útborgun í eigin húsnæði né hárrí kröfu um tryggingafé vegna leiguhúsnæðis?